

Fundur stjórnar FMR 30. janúar 2020 kl. 17:00-18:45

Mætt: Sigríður Björnsdóttir, Sigríður Hermannsdóttir, Katrín Heiðar, Áslaug Kristjánsdóttir, Bryndís Kristjánsdóttir, Gylfi Magnússon og Geirþrúður Alfreðsdóttir.

Elísabet Siemsen rektor og María Kristjánsdóttir forvarnarfulltrúi voru með milli 17-18.

1)Rætt um bjórkvöld út í bæ sem Framtíðin hefur staðið fyrir. Skv. Elísabetu og Maríu þá vita þær af þessu vandamáli og leið og þær hafa fengið upplýsingar um þetta þá hafa þær talað við stjórn Framtíðarinnar og staðina þar sem væntanleg bjórkvöld eiga að vera og reynt að stöðva þessi teiti. Stundum einhver eldri sem hefur bókað staðina fyrir „afmæli“ en Framtíðin hefur selt miða inn á teitið. Hvetja foreldra til að láta vita ef þau vita af þessum bjórkvöldum sem eru auglýst í nafni skólans. Elísabet ætlar að setja upplýsingar um þetta í fréttabréfið sem mun verða sent til allra foreldra næstu daga. Við getum líka setja upplýsingar um þetta á FB síðuna okkar.

2)Ræddum mikilvægi þess að tengja foreldra meira við skólann með foreldraviðtölum. Er víða í öðrum skólum. Mikilvægt að foreldrar viti hver er umsjónarkennari barnsins síns og geti haft tölvupóstsamskipti við hann eftir þörfum. Elísabet ætlar að taka þetta fyrir og biðja umsjónarkennara að senda út tölvupóst til foreldra í sínum bekkjum. Fylgjum þessu áfram eftir í stjórn FMR.

3)Eigum 2.2 milljónir. Sendar voru út 628 kröfur, af þeim hafa 303 verið greiddar og 83 feldar niður. Því eru útistandandi 242 kröfur.

4)Stjórn Herranætur hafði samband við Bryndísi Kristjándóttur og óskað eftir styrk. Bryndís Kristjánsdóttir mun svara þeim að við getum stutt Herranótt en að við óskum eftir upplýsingum um hvaða upphæð þau eru að hugsa um og hvernig nota eigi styrkinn.

5)Eftir áramót verða eitt skólaball, Árshátíð Framtíðarinnar, 19. feb í Kaplakrika í Hafnarfirði. Áætlað að það verði 600 nemendur og 200 gestir. María Björk óskaði eftir fjórum foreldrum í gæslu.

Fiðluballið fyrir 6.árið verður 11. Mars í lðnó. Gáfum í fyrra tvö gjafabréf 15 000 krónur hvort og ef áhugi getum við endurtekið það. María Björk ætlar að tala við formann nemandfélagsins varðandi það.

6)Jóga/slökun verður aftur í leikfimi næstu viku. Mikil ánægja með það fyrir jól og óskuðu nemendur eftir að fá það aftur. Stjórn FMR samþykkti að styrkja aftur þetta verkefni. 250 000 fyrir vikuna.

7)Skólinn er að kaupa fleiri húsgöng í Cösu. Elísabet hafði til umráða auka pening sem hún mun nota til að greiða fyrir þessi húsgögn. Stjórn FMR samþykkti að styrkja kaup á tveimur örbylgjuofnum og mun Elísabet og Helga Líf sjá um að panta og senda rukkun til Sigríður Hermansdóttir gjaldkera fyrir þeim.

8)Nemendur hafa haft spilakvöld sem hafa heppnast vel. Verið að spila borðspil. Hugmynd frá Maríu Björk að FMR myndi styrkja kaup á spilum og vinninga á spilakvöldum. Hún mun koma með frekari upplýsingar til okkar.

9)Foreldrakvöld FMR. Ákveðið að hafa foreldrakvöld miðvikudaginn 25. mars í Hátíðarsal skólans. Samþykkt að fá Siggú Dögg kynfræðing að halda erindi fyrir forelda. Hún tekur 65 000 fyrir. Áslaug Kristjánsdóttir mun biðja hana um titil á fyrirlestrinum og hversu langan tíma hún þurfi .

Stefnum að byrja klukkan 20. Bryndís Kristjánsdóttir mun bjóða alla velkomna og kynna hvernig FMR hefur verið að styðja við skólann. Erindi Siggú Daggar og síðan verði öllum boðið að skoða Íþöku en hún verður opnuð 12. febrúar eftir miklar endurbreytingar.

Eftir staðfestingu frá Siggú Dögg (Áslaug Áslaug Kristjánsdóttir) þá setjum við sem fyrst út auglýsingu um kvöldið á FB.

Fundi slitið

Fundargerð ritaði Sigríður Björnsdóttir